REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 189, 30. apríl 1985, um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings og vinnslu innanlands.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umbúðir fyrir grásleppuhrogn skulu vera úr efni sem hæfir geymslu matvæla og samþykktir af Ríkismati sjávarafurða. Við endurnotkun á umbúðum skal tryggt að þær séu hreinar og sótthreinsaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. apríl 1991.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.